

SÚÐAVÍKURHREPPUR

12. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR – MENNINGAR- OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ
2022-2026

HALDINN Í ÁLFTAVERI - GRUNDARSTRÆTI,
PRIÐJUDAGURINN 28. MAÍ 2024, KL. 17:00

Priðjudaginn 28. maí 2024 kl. 17:00 var haldinn fundur í fræðslu-, tómsundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurrepps 2022-2026. Boðaðir voru bæði aðal- og varamenn nefndarinnar auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson, Stella Guðmundsdóttir í fjarfundi, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri og Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar. Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

- Skólamál - almennt
- Leiktæki á skólalóð
- Dægradvöl
- Fornminjar í Vatnsfirði
- Önnur mál

Afgreiðsla erinda:

1. Skólamál - almennt

Búið er að auglýsa eftir kennurum í tón-, grunn- og leikskóla. Fyrsta árinu lokið í Byrjendalæsi og gekk mjög vel. Búið er að halda skólaráðsfund.

2. Leiktæki á skólalóð

Nefndin leggur til að bætt verði umhverfi skólans og að lagt verði eitthvað í skólalóðina annað hvert ár.

3. Dægradvöl

Rætt og ákveðið að verði tekið betur fyrir eftir sumarið.

Anna Lind fór af fundinum kl 17:45

4. Fornminjar í Vatnsfirði

Svæðið verður slegið í sumar og koma á upp bráðabirgða aðstöðu fyrir salerni. Sækja á um í Minja- og Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að koma upp betri aðstöðu og bæta aðgengi á staðnum. SEI Arkitektar voru fengnir til að vinna tillögu að uppbyggingu og umsókn í framangreinda sjóði.

5. Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18:10